

Nd.

### 354. Frumvarp

til laga um sóknargjöld.

Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í Ed.

#### I. Um prestsgjald.

##### 1. gr.

Preststíund af fasteign og lausafé, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk skal af numið frá fardögum 1909.

##### 2. gr.

Hver maður 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona, og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald í prestslaunasjóð 1 kr. 50 aura á ári.

Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu.

##### 3. gr.

Eindagi gjalds þessa er 15. október ár hvert fyrir það fardagaár, sem er að líða, og skal það greitt í peningum. Sóknarnefndir innheimta gjaldið í fyrsta skifti árið 1909, og fá þær 6% af upphæðinni í innheimtulaun.

##### 4. gr.

Sóknarnefnd skal gera árleg reikningsskil fyrir prestsgjaldinu eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur með ráði biskups. Reikninginn með fylgiskjölum skal oddviti sóknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok febrúarmánaðar ásamt upphæð þeirri í peningum, er borið hefir að innheimta, eða kvittun sóknarprestisins fyrir því fé, er sóknarnefndin hefir greitt honum samkvæmt ávisun prófasts.

Prófastur getur haldið sóknarnefnd með alt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmann til að gera skil á tilteknum tíma.

## II. Um kirkjugjald.

### 5. gr.

Kirkjutiund af fasteign og lausafé, kirkjugjald af húsum, ljóstollur, lausamannsgjald, legkaup og skilduvinna sóknarmanna við kirkjubyggingu skal af numið frá fardögum 1909.

### 6. gr.

Í sóknum, þar sem söfnuður hefir tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, skal frá sama tíma af numin niðurjöfnun kostnaðar við kirkjusöng samkvæmt lögum 22. maí 1890 um stjórn safnaðarinnar, niðurjöfnun kostnaðar til kirkjugarða samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1901 um kirkjugarða og viðhald þeirra, niðurjöfnun kostnaðar við prestskosningu samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um veitingu prestakalla, og niðurjöfnun á borgun til safnaðarfulltrúa samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Allan þann kostnað, er hér ræðir um, skal greiða úr sjóði sóknarkirkjunnar. Ef kostnaðurinn hvílir á fleiri kirkjum eða sóknum í sameiningu, skal honum skift niður á þær eftir tölu safnaðarlima í hverri kirkjusókn, þeirra sem gjaldskyldir eru.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir eigi á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skal öllum þeim kostnaði, sem um er rætt í þessari grein, jafnað niður á þann hátt, að sama gjald komi á hvern safnaðarlim, sem gjaldskyldur er til kirkju.

### 7. gr.

Hver maður, sem er 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, 75 aura á ári.

Undan þegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu.

Nú hefir söfnuður á hendi umsjón og fjárhald kirkju, og má sóknarnefnd þá með jákvæði lögsmæts safnaðarfundar og samþykki héraðsfundar hækka og lækka kirkjugjöld fyrir eitt ár í senn eða um tiltekið árábil.

Nú er kirkjugjald hækkað, og jafnar þá sóknarnefndin gjaldaukanum niður þannig, að helmingurinn greiðist eftir efnum og ástæðum, en hinn helmingurinn komi jafnt niður á hvern gjaldskyldan safnaðarlim.

### 8. gr.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir ekki tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, er landstjórninni veitt heimild til að ákveða kirkjugjald þannig, að það, miðað við tölu allra safnaðarlima, er náð hafa 15 ára aldri 1. janúar 1909, nemi minst jafn mikilli upphæð og allar sóknartekjur kirkjunnar hafa numið að meðaltali um 10 ár, 1899—1909.

Ákvörðun þessi skal þó því aðeins gilda, að kirkjuforráðandi eða söfnuður hafi beiðst þess, enda hafi hin nýja skipun rýrt eða aukið tekjur kirkjunnar til muna. Auglýsing um h ð ákveðna kirkjugjald í hverri sókn skal birt í A-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Eindagi á kirkjugjaldi er 15. október ár hvert fyrir það fardagaár, sem er að líða. Skal það greitt í peningum, og innheimt í fyrsta sinn árið 1909. Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skulu sóknarnefndir innheimta gjaldið, og fá þær 6% af upphæðinni í innheimtulaun. Aukaniðurjöfnun þá, er ræðir um í síðustu málsgrein 7. greinar, má sóknarnefnd gera á hverjum tíma árs sem er, og er gjalddagi þess gjalds sex vikum eftir að niðurjöfnunin er auglýst. Í öðrum sóknum greiðist gjald þetta forráðamanni kirkjunnar. Þó má hann fela sóknarnefnd innheimtuna gegn 6% innheimtulaunum.

III. Almenn ákvæði.

10. gr.

Sóknargjald til prests og kirkju og niðurjöfnunargjald í safnaðarþarfi skal hver heimiliráðandi leggja fram fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum, en hann á rétt til endurgjalds hjá öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum. Nú er heimiliráðandi öreigi að álitu sóknarnefndar og hefir hún þá rétt til að ganga að gjaldanda sjálfum. Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, getur húsráðandi krafist endurgjalds úr sveitarsjóði.

11. gr.

Presti og hreppstjóra eða bæjarfógeta í kaupstöðum er skylt að láta sóknarnefnd í té skýrslur þær, er hún þarf að nota við útreikning og innheimtu sóknargjalda. Aldurstakmark gjaldskyldra manna samkvæmt lögum þessum skal miðað við næsta nýjár á undan gjalddaga.

12. gr.

Prestar þeir, sem taka laun eftir eldri ákvæðum, en lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta, skulu fá uppbót úr prestlaunasjóði, svo að jafngildi sóknartekjunum eftir meðaltali þeirra síðustu 5 ár frá 1904—1909, að frádrægnun innheimtulaunum 6%.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin:

Reglugjörð 17. júlí 1782 um tekjur presta og kirkna.

Lög 27. febr. 1878 um kirkjutíund í Reykjavíkurlögsagnarumdæmi.

Lög 19. septbr. 1879 um kirkjugjald af húsum, og lög 2. oktbr. 1891 um breyting á téðum lögum.

Lög 3. apríl 1900 um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju.

12.—17. gr. laga 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta.

5. gr. laga 16. nóvbr. 1907 um umsjón og fjárhald kirkna.

Ennfremur eru af numin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.